

Alþingi
Erindi nr. P 132/1463
komudagur 24.3.2006.

UST

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

22. mars 2006
Skjalanúmer: 22.8
Tilvísun: UST20060200044/KG

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir,
reykingabann, 388. mál.**


Vísað er til erindis heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 6. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, 388. mál. Í frumvarpinu er lagt til að tóbaksreykingar verði óheimilar í þjónusturýmum stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka.

Umhverfisstofnun styður heilshugar efni frumvarpsins og leggur áherslu á mikilvægi heilbrigðs umhverfis, jafnt fyrir starfsmenn og gesti sem verða eða æskja þess að njóta þjónustu viðkomandi aðila.

Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að við setningu reglugerða, sbr. c-lið 2. gr. frumvarpsins verði leitað víðtæks samráðs hjá umræddum ráðuneytum og undirstofnunum þeirra.

Virðingarfyllt,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður